

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 1995

2. mars 1995

279

Nr. 130

AUGLÝSING um ökutækjatryggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 447 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 105 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 18 millj. kr.

3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. másl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar, nr. 556 29. desember 1993, er ákveðið að hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera kr. 77.000 kr. fyrir einstakling og 166.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera kr. 27.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.
Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatrýggingar, nr. 87 23. febrúar 1994.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.